

Þingsetning.

Formaður KAÍ, Ólafur Wallewik setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna.

Kosnir fastir starfsmenn þingsins.

Arnar Hjartarson var einróma kosinn fundarstjóri og Reinharð Reinharðsson ritari þingsins.

Ávarp gesta.

Sigríður Jónsdóttir, varaforseti ÍSÍ, ávarpaði þingið. Í tilefni þess að Ólafur Wallewik, formaður KAÍ, gaf ekki kostnað á sér til áframhaldandi formennsku í sambandinu hafði Framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkt að sæma hann Gullmerki ÍSÍ fyrir áratugastörf í þágu karateíþróttarinnar á Íslandi. Stóð þingheimur upp og heiðraði hann með lófaklappi er hann tók við Gullmerki ÍSÍ úr hendi Sigríðar.

Kosnar fastar nefndir.

- a. Kjörbréfanefnd.  
Halldór Svavarsson, Eyþór Ragnarsson og Ágústa Andrésdóttir.
- b. Fjárlaganefnd.  
Ásdís Elvarsdóttir, Indriði Jónsson og Atli Steinn Guðmundsson.
- c. Laga- og leikreglanefnd.  
Helgi Jóhannesson, Gunnlaugur Sigurðsson og Ólafur Helgi Hreinsson.
- d. Allsherjarnefnd.  
Bergsteinn Ísleifsson, Eyþór Ragnarsson og Helga Arnarsdóttir.
- e. Kjörnefnd.  
Reinharð Reinharðsson, Halldór Svavarsson og Arnar Hjartarson.

Skýrsla fráfarandi stjórnar.

Ólafur Wallewik, formaður KAÍ, flutti skýrslu stjórnar.

Ávarp formannsins er birt í heild sinni í ársskýrslu stjórnar. Hann þakkaði öllum þeim sem hann hafði starfað með síðustu átta ár sem formaður fyrir samstarfið og óskaði karatesambandinu og karateíþróttinni velfarnaðar í framtíðinni.

Var hann kvaddur með lófaklappi af öllum viðstöddum.

Reikningar sambandsins lagðir fram til samþykktar.

Ásdís Elvarsdóttir gjaldkeri KAÍ lagði fram endurskoðað reikninga sambandsins til samþykktar.

Reikningarnir eru birtir í heild í ársskýrslu stjórnar.

Reikningarnir voru samþykktir einróma með fyrirvara um undirskrift endurskoðenda.

Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram.

Reinharð Reinharðsson kynnti fjárhagsáætlun stjórnar KAÍ fyrir starfsárið 2006.

Samþykkt var að vísa fjárhagsáætluninni til fjárlaganefndar.

Tillögur um breytingar á lögum og leikreglum.

Lögð var fram tillaga að lagabreytingu á Lögum Karatesambands Íslands. Reinharð Reinharðsson kynnti hana.

Lagðar voru fram 4 tillögur að breytingum á Reglum um Íslandsmót í nokkrum liðum. Indriði Jónsson formaður mótanefndar kynnti tillögu mótanefndar. Helgi Jóhannesson kynnti sínar tillögur, Reinharð Reinharðsson kynnti tillögur stjórnar og Vicenti Carrasco kynnti sínar tillögur. Samþykkt var að vísa þeim til laga- og leikreglanefndar.

#### Aðrar tillögur og önnur mál.

Engin mál voru lögð fram.

#### Málum og tillögum vísað til nefnda.

Fundarstjóri vísaði málum til nefnda. Nefndir fjalla um tillögurnar í þinghléi.

#### ÞINGHLÉ

#### Nefndarálit.

##### *Kjörbréfanefnd.*

Halldór Svavarsson, formaður kjörbréfanefndar, lýsti alla fulltrúa á Karateþingi lögmeeta. Einn fulltrúi á þinginu var varamaður og hafði ekki kosningarétt.

##### *Laga- og leikreglanefnd.*

Helgi Jóhannesson, kynnti tillögur nefndarinnar til lagabreytinga:

#### 5. gr. Önnur málsgrein:

Þingið skal árlega haldið í janúar eða febrúar. Skal boða það bréflaga með minnst 2ja mánaða fyrirvara. Mállefni, sem sambandsaðilar óska, að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn KAÍ minnst 21 degi fyrir þingið.

Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum, sem borist hafa, í síðasta lagi 14 dögum fyrir þingið, sem síðari fundarboð. Karateþing er lögmeitt, ef löglega er til þess boðað.

#### **verði**

Þingið skal árlega haldið í janúar eða febrúar. Skal boða það **með auglýsingu og/eða tilkynningu með eigi minna en eins mánaðar** fyrirvara. Mállefni, sem sambandsaðilar óska, að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn KAÍ minnst 21 degi fyrir þingið.

Þá skal stjórn KAÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum, sem borist hafa, í síðasta lagi 14 dögum fyrir þingið, sem síðari fundarboð. Karateþing er lögmeitt, ef löglega er til þess boðað.

Samþykkt samhljóða, með fyrirvara um samþykki framkvæmdarstjórnar ÍSÍ.

Hann kynnti einnig tillögur nefndarinnar um breytingar á Reglum um Íslandsmeistaramót.

2. gr.	Unglingameistaramót í Kumite skal halda í október og Íslandsmeistaramót í Kumite skal haldið í nóvember, ár hvert. Meistaramót barna í Kata skal haldið í janúar, Unglingameistaramót í Kata skal haldið í febrúar og Íslandsmeistaramót í Kata skal haldið í mars, ár hvert. Ef sérstaklega stendur á getur Mótanefnd eða stjórn KAÍ breytt mótstíma frá því sem að ofan greinir. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakra móta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.
--------	--

Verði:

2. gr. Unglingameistaramót í Kumite skal haldið í október og Íslandsmeistaramót í Kumite skal haldið í nóvember ár hvert. Meistaramót barna í Kata skal haldið í janúar eða febrúar ár hvert, þó ekki síðar en 2 vikum fyrir Unglingameistaramót í Kata. Unglingameistaramót í Kata skal haldið í febrúar og Íslandsmeistaramót í Kata skal haldið í mars ár hvert. Ef sérstaklega stendur á getur mótanefnd eða stjórn KAÍ breytt mótstíma frá því sem að ofan greinir. Mótanefnd er heimilt að fela einstökum félögum að halda utan um framkvæmd einstakra móta, s.s. að útvega aðstöðu, starfsfólk o.s.frv.

*Samþykkt samhljóða.*

---

3. gr. Tilkynna skal dagsetningu mótanna og dagskráratriði þeirra með minnst 14 daga fyrirvara til allra karatefélaga og -deilda innan ÍSÍ. Þar skal m.a. taka fram þáttökugjald. Þáttökutilkynningar skulu berast frá félögum 5 dögum fyrir mótið, en þó getur mótanefnd ákveðið að hafa þann tíma annan. Greiðsla þáttökugjalda skal fylgja tilkynningum félaganna.

Verði:

3. gr. Tilkynna skal dagsetningu mótanna og dagskráratriði þeirra með minnst 14 daga fyrirvara til allra karatefélaga og -deilda innan ÍSÍ. Þar skal m.a. taka fram þáttökugjald. Þáttökutilkynningar skulu berast frá félögum eigi síðar en 5 dögum fyrir mótið, en þó getur mótanefnd ákveðið að hafa þann tíma annan. Greiðsla þáttökugjalda, eða staðfesting greiðslu, skal fylgja tilkynningum félaganna.

*Samþykkt samhljóða.*

---

5. gr. Mótanefnd eða stjórn KAÍ hefur heimild til þess að takmarka fjölda keppenda í hverri grein og þá jafnframt að kveða á um hámarksfjölda keppenda frá hverju félagi í hverri grein. Það skal þó aldrei vera færri en fjórir í einstaklingsgreinum. Mótanefnd skal skipa aðaldómara á komandi móti í tilkynningu til félaganna.

Verði:

5. gr. Mótanefnd eða stjórn KAÍ hefur heimild til þess að takmarka fjölda keppenda í hverri grein og þá jafnframt að kveða á um hámarksfjölda keppenda frá hverju félagi í hverri grein. Það skulu þó aldrei vera færri en fjórir í einstaklingsgreinum. Dómaranefnd skal skipa aðaldómara á komandi móti og skal mótanefnd tilgreina hann í tilkynningu til félaganna.

*Samþykkt samhljóða.*

---

6. gr. Á hverjum velli skulu vera kynnir, ritari, aðstoðarmaður ritara, tímavörður og vallarstjóri. Í kata skulu vera 3 eða 5 dómarar, en 4 dómarar í kumite. Á mótunum skal vera læknir til staðar. Hvert þáttökufélag er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara. Starfsmenn og keppendur skulu bera einkennismerki og keppnissvæðið skal afgirt frá áhorfendum. Á barna- og unglíngameistaramótum skal hvert félag tilnefna liðsstjóra, sem aðstoðar starfsfólk mótsins við að halda reglu á mótinu. Mótanefnd er heimilt að sekta félög eftir 16. gr. ef þau vanrækja að tilnefna starfsfólk eða halda liðstjóra. Keppendur á barna- og unglíngameistaramótum skulu vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst, en á Íslandsmeistaramótum fullorðinna skulu keppendur vera komnir á mótsstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra keppnisflokki.

Verði:

6. gr. Á hverjum velli skulu vera kynnir, ritari, aðstoðarmaður ritara, tímavörður og vallarstjóri. Í kata skulu vera 3 eða 5 dómarar, en 4 dómarar í kumite. Á kumitemótunum skal vera læknir eða hjúkrunarfræðingur til staðar. Hvert þáttökufélag er skylt að tilnefna 1 starfsmann fyrir hverja 10 keppendur eða hluta af þeim fjölda og a.m.k. einn dómara. Starfsmenn og keppendur skulu bera einkennismerki og keppnissvæðið skal afgirt frá áhorfendum. Á barna- og unglíngameistaramótum skal hvert félag tilnefna liðsstjóra sem aðstoðar starfsfólk mótsins við að halda reglu á mótinu. Mótanefnd er heimilt að sekta félög eftir 16. gr. ef þau vanrækja að tilnefna starfsfólk, halda liðstjóra eða tilnefna dómara.

Keppendur á barna- og unglíngameistaramótum skulu vera komnir á mótstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst, en á Íslandsmeistaramótum fullorðinna skulu keppendur vera komnir á mótstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra keppnisflokki. Sé barna- eða unglíngamót mjög fjölmennt getur mótanefnd skipt því upp í 2 hluta og þurfa þá keppendur að vera komnir á mótstað a.m.k. 30 mínútum áður en keppni hefst í þeirra hluta.

*Samþykkt samhljóða.*

---

8. gr. Á Íslandsmeistaramóti í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata kvenna.
2. Kata karla.
3. Hópkata kvenna (3ja kvenna sveitir).
4. Hópkata karla (3ja manna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite kvenna, -57 kg.
2. Kumite kvenna, +57 kg.
3. Kumite kvenna, opinn flokkur.
4. Kumite karla, -65 kg.
5. Kumite karla, -70 kg.
6. Kumite karla, -75 kg.
7. Kumite karla, -80 kg.
8. Kumite karla, +80 kg
9. Kumite karla, opinn flokkur.
10. Liðakeppni karla (3 manna sveitir).
11. Liðakeppni kvenna (3 kvenna sveitir).

Á Unglíngameistaramóti í Kumite skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kumite drengja 12 og 13 ára.
2. Kumite pílta 14 og 15 ára.
3. Kumite pílta (kadett) 16 og 17 ára.
4. Kumite karla (junior) 18 til 20 ára.
5. Kumite telþna 12 og 13 ára.
6. Kumite stúlkna 14 og 15 ára.
7. Kumite stúlkna (kadett) 16 og 17 ára.
8. Kumite kvenna (junior) 18 til 20 ára.

Á Unglíngameistaramóti í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata táninga 13 ára.
2. Kata táninga 14 ára.
3. Kata pílta kadetar 15 og 16 ára.

4. Kata stúlkna kadetar 15 og 16 ára.
5. Kata pílta juniorar 17 til 20 ára.
6. Kata stúlkna juniorar 17 til 20 ára.
7. Hópkata táninga 13 og 14 ára.
8. Hópkata táninga 15 til 17 ára.
9. Hópkata juniora 18 til 20 ára.

Á Meistaramóti barna í Kata skal keppt í eftirfarandi greinum:

1. Kata barna 7 ára og yngri.
2. Kata barna 8 ára.
3. Kata barna 9 ára.
4. Kata barna 10 ára.
5. Kata krakka 11 ára.
6. Kata krakka 12 ára.
7. Hópkata krakka 8 ára og yngri.
8. Hópkata krakka 9 ára og 10 ára.
9. Hópkata krakka 11 ára og 12 ára.

Á barna- og unglíngameistaramótum skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur hafa æft karate í 1. ár hið minnsta. Í kata skulu drengir og stúlkur yngri en 15 ára keppa í sama flokki. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem **elsti** keppandi sveitar skyldi keppa í. Barnamótið er fyrir börn 12 ára og yngri en unglíngamótið í kata fyrir 13 til 20 ára. Lágmarksaldur keppenda á mótum fullorðinna skal vera 16 ár í kata og 18 ár í kumite og skal miðað við fæðingarár.

Verði:

8. gr. Á Íslandsmeistaramóti í Kata skal miðað við að keppt sé í eftirfarandi greinum:

1. Kata kvenna.
2. Kata karla.
3. Hópkata kvenna (3ja kvenna sveitir).
4. Hópkata karla (3ja manna sveitir).

Á Íslandsmeistaramóti í Kumite skal miðað við að keppt sé í eftirfarandi greinum:

1. Kumite kvenna, -57 kg.
2. Kumite kvenna, +57 kg.
3. Kumite kvenna, opinn flokkur.
4. Kumite karla, -65 kg.
5. Kumite karla, -70 kg.
6. Kumite karla, -75 kg.
7. Kumite karla, -80 kg.
8. Kumite karla, +80 kg.
9. Kumite karla, opinn flokkur.
10. Liðakeppni karla (3 manna sveitir).

11. Liðakeppni kvenna (3 kvenna sveitir).

Á Unglingameistaramóti í Kumite skal miða við að keppt sé í eftirfarandi greinum:

1. Kumite drengja 12 ára.
2. Kumite drengja 13 ára.
3. Kumite pílta 14 ára.
4. Kumite pílta 15 ára.
5. Kumite pílta (kadett) 16 og 17 ára.
6. Kumite karla (junior) 18 til 20 ára.
7. Kumite telpna 12 og 13 ára.
8. Kumite stúlkna 14 og 15 ára.
9. Kumite stúlkna (kadett) 16 og 17 ára.
10. Kumite kvenna (junior) 18 til 20 ára.

Á Unglingameistaramóti í Kata skal miða við að keppt sé í eftirfarandi greinum:

1. Kata táninga 13 ára.
2. Kata táninga 14 ára.
3. Kata pílta kadetar 15 og 16 ára.
4. Kata stúlkna kadetar 15 og 16 ára.
5. Kata pílta juniorar 17 til 20 ára.
6. Kata stúlkna juniorar 17 til 20 ára.
7. Hópkata táninga 13 og 14 ára.
8. Hópkata táninga 15 til 17 ára.
9. Hópkata juniora 18 til 20 ára.

Á Meistaramóti barna í Kata skal miða við að keppt sé í eftirfarandi greinum:

1. Kata barna 7 ára og yngri.
2. Kata barna 8 ára.
3. Kata barna 9 ára.
4. Kata barna 10 ára.
5. Kata krakka 11 ára.
6. Kata krakka 12 ára.
7. Hópkata krakka 8 ára og yngri.
8. Hópkata krakka 9 ára og 10 ára.
9. Hópkata krakka 11 ára og 12 ára.

Á barna- og unglíngameistaramótum skal miðað við fæðingarár. Þar skulu keppendur hafa æft karate í 1. ár hið minnsta. Í kata skulu drengir og stúlkur yngri en 15 ára keppa í sama flokki. Í hópkata skal sveit keppa í þeim aldursflokki sem elsti keppandi sveitar skyldi keppa í. Barnamótið er fyrir börn 12 ára og yngri en unglíngamótið í kata fyrir 13 til 20 ára. Lágmarksaldur keppenda á mótum fullorðinna skal vera 16 ára í kata og í þyngdarflokkum í kumite en 18 ára í opnum flokki í kumite og skal miða við fæðingarár.

*Samþykkt með 24 atkvæðum gegn 4.*

---

9. gr. Árlega skal halda Bikarmót KAÍ í kumite og kata. Hvert bikartímabil nær frá 1. sept. til 31. maí næsta ár. Bikarmótinu .....

Verði að 1.gr. í Reglum um Bikarmót. Greinar 10-23 færast upp um eitt nr. Og verða nr. 9-22.

---

*Samþykkt samhljóða.*

---

11. gr. Á fullorðinsmótum í kata skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi. Keppendum er heimilt að sýna

hverja þá kata sem kemur frá eftirtöldum fjórum meginstílum viðurkenndum af WKF, Goju-Ryu, Shito-Ryu, Shotokan og Wado-Ryu. Sjá [viðauka yfir kata](#) viðurkenndar af KAÍ. Keppt skal eftir keppnisreglum WKF þar sem því verður við komið. Ef keppendur fylla ekki heila umferð skal hún vera undanumferð og má þá endurtaka þá kata aftur í seinni umferðum. Keppa skal til úrslita til að ákvarða fyrsta og annað sæti en tveir keppendur geta verið í þriðja sæti. Á barna- og unglingameistaramóti eru gefin stig. Dómarar í úrslitum skulu ávalt vera fimm og helst einn úr hverju af stærstu félögunum, en þó hið minnsta einn frá hverri stíltegund. Reglur um réttindi dómara geta þó leitt til annars. Ef ekki skrá sig til leiks fleiri en einn keppandi eða lið, fellur keppni niður í þeirri grein. Keppanda í þeim flokki er þá heimilt að keppa í næsta flokki fyrir ofan í þyngd eða aldri.

Verði:

10. gr. Á fullorðinsmótum í kata skal keppt eftir útsláttarfyrirkomulagi. Keppendum er heimilt að sýna hverja þá kata sem kemur frá eftirtöldum fjórum meginstílum viðurkenndum af WKF, Goju-Ryu, Shito-Ryu, Shotokan og Wado-Ryu. Sjá viðauka yfir kata viðurkenndar af KAÍ. Keppt skal eftir keppnisreglum WKF þar sem því verður við komið. Ef keppendur fylla ekki heila umferð skal hún vera undanumferð og má þá endurtaka kata úr þeirri umferð í seinni umferðum. Keppa skal til úrslita til að ákvarða fyrsta og annað sæti en tveir keppendur geta verið í þriðja sæti. Dómarar í úrslitum skulu ávallt vera fimm og helst einn úr hverju af stærstu félögunum, en þó hið minnsta einn frá hverri stíltegund. Reglur um réttindi dómara geta þó leitt til annars. Ef ekki skrá sig til leiks fleiri en tveir keppendur eða lið, fellur keppni niður í þeirri grein. Keppanda í þeim flokki er þá heimilt að keppa í næsta flokki fyrir ofan í þyngd eða aldri.

*Fyrri breyting samþykkt samhljóða en sú seinni með 15 atkvæðum gegn 11.*

#### Viðauki – listi yfir leyfilegar keppniskata

Hljóðar í dag fyrir Shotokan kata

S21	Jiin	Jiin
S22	Heian Sh	Heian Shodan
S23	Heian Ni	Heian Nidan
S24	Heian Sa	Heian Sandan
S25	Heian Yo	Heian Yondan
S26	Heian Go	Heian Godan

Verði:

#### Viðauki – listi yfir leyfilegar keppniskata

S21	Jiin	Jiin
<b>S22</b>	<b>Kihon</b>	<b>Kihon kata</b>
S23	Heian Sh	Heian Shodan
S24	Heian Ni	Heian Nidan
S25	Heian Sa	Heian Sandan
S26	Heian Yo	Heian Yondan
S27	Heian Go	Heian Godan

*Samþykkt með 25 atkvæðum gegn 4.*

16. gr. Ef þátttökutilkynningar eða breytingar á þeim berast eftir að frestur er útrunninn, skal litið á þær tilkynningar sem kærur. Mótanefnd er heimilt í úrskurðum sínum að sekta viðkomandi félag og setja greiðslu hennar sem skilyrði fyrir því að kæra sé tekin til greina. Þá er mótanefnd heimilt að sekta þau félög sem ekki senda dómara eða liðsstjóra á mót samkvæmt reglum þessum. Sektir geta verið allt að fimmföld upphæð þátttökugjalds fyrir hvern mann. Mótanefnd er heimilt að meina þeim félögum að taka þátt á móti, er inna eigi sektir af hendi þegar þeirra er krafist, sama er að segja um næsta eða næstu mót, ef sektin er eigi greidd áður.

Verði:

15. gr. Ef þátttökutilkynningar eða breytingar á þeim berast eftir að frestur er útrunninn skal litið á þær tilkynningar sem kærur. Mótanefnd er heimilt í úrskurðum sínum að sekta viðkomandi félag og setja greiðslu hennar sem skilyrði fyrir því að kæra sé tekin til greina. Þá er mótanefnd heimilt að sekta þau félög sem ekki senda starfsmenn, dómara eða liðsstjóra á mót samkvæmt reglum þessum. Sektir geta verið allt að fimmföld upphæð samlagðs þátttökugjalds fyrir alla keppendur sem skráðir eru frá félaginu. Mótanefnd er heimilt að meina þeim félögum að taka þátt á móti er inni eigi sektir af hendi þegar þeirra er krafist. Sama er að segja um næsta eða næstu mót ef sektin er eigi greidd áður.

*Samþykkt samhljóða.*

---

22. gr. Félagaskipti skal tilkynna KAÍ skriflega með ábyrgðarbréfi eða öðrum sannanlegum hætti. Tilkynning þessi skal undirrituð af þeim sem óskar félagaskipta eða forráðamanni hans. Félagaskipti geta einungis tekið gildi tvisvar á ári. Tilkynningar sem sannanlega berast á tímabilinu frá og með 1. janúar til 31. ágúst árlega taka gildi frá og með 1. september og tilkynningar sem berast á tímabilinu frá og með 1. september til 31. desember taka gildi frá og með 1. janúar. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði t.d. eru ekki skrifleg eða undirritun félagsins skortir, skulu ekki teknar gildar fyrir en úr hefur verið bætt með sannanlegum hætti. Með tilkynningum félaganna um mót skal fylgja tilkynning um öll félagaskipti sem átt hafa sér stað á undangengnu tímabili.

Verði:

21. gr. Félagaskipti skal tilkynna KAÍ skriflega með ábyrgðarbréfi eða öðrum sannanlegum hætti. Tilkynning þessi skal undirrituð af þeim sem óskar félagaskipta eða forráðamanni hans. Félagaskipti geta einungis tekið gildi tvisvar á ári. Tilkynningar sem sannanlega berast á tímabilinu frá og með 1. janúar til 31. ágúst árlega taka gildi frá og með 1. september og tilkynningar sem berast á tímabilinu frá og með 1. september til 31. desember taka gildi frá og með 1. janúar. Tilkynningar sem ekki uppfylla ofangreind skilyrði, eru t.d. ekki skriflegar eða undirritun félagsins/forráðamannsins skortir, skulu ekki teknar gildar fyrir en úr hefur verið bætt með sannanlegum hætti. Með tilkynningum félaganna um þátttakendur á mót skal fylgja tilkynning um öll félagaskipti sem átt hafa sér stað á undangengnu tímabili, og ekki er þegar búið að tilkynna um.

*Samþykkt samhljóða.*

---

23. gr. Dómaranefnd KAÍ, skipuð þremur hæfum mönnum af stjórn KAÍ til eins árs í senn ákveður réttindi dómara. Nefndin skal úthluta dómurum réttindi eftir getu og þekkingu þeirra, bæði í kata og kumite, fyrst sem B-meðdómari, þá A-meðdómari, B-dómari og loks A-dómari. Karatedómari nefnist sá sem hefur bæði A-dómararéttindi í kata og kumite. Nefndin heldur dómaranámskeið a.m.k. einu sinni á ári og gefur dómaraefnum færi á að þreyta próf til réttinda. Prófið skal vera bæði verklegt og skriflegt. Dómarar, sem hljóta réttindi skv. reglum þessum, skulu ganga framar þeim dómurum, sem minni réttindi hafa eða engin. A-meðdómarar hafa rétt til þess að vera aðaldómarar á innanfélagsmótum og meðdómarar á héraðsmótum. B-dómarar hafa rétt til að vera aðaldómarar á héraðsmótum og meðdómarar á Íslandsmeistara-mótum. A-dómarar skulu vera aðaldómarar á Íslandsmeistaramótum. Héraðsmót kallast mót, þar sem keppendur koma úr fleiri en einu félagi.

Verði:

22. gr. Dómaranefnd KAÍ, skipuð þremur hæfum mönnum af stjórn KAÍ til eins árs í senn ákveður réttindi dómara. Nefndin skal úthluta dómurum réttindi eftir getu og þekkingu þeirra, bæði í kata og kumite, fyrst sem B-meðdómari, þá A-meðdómari, B-dómari og loks A-dómari. Karatedómari nefnist sá sem hefur bæði A-dómararéttindi í kata og kumite. Nefndin skal halda dómaranámskeið a.m.k. einu sinni á ári og gefur dómaraefnum færi á að þreyta próf til réttinda. Prófið skal vera bæði verklegt og skriflegt. Dómarar, sem hljóta réttindi skv. reglum þessum, skulu ganga framar þeim dómurum, sem minni réttindi hafa eða



engin. A-meðdómarar hafa rétt til þess að vera aðaldómarar á innanfélagsmótum og meðdómarar á héraðsmótum. B-dómarar hafa rétt til að vera aðaldómarar á héraðsmótum og meðdómarar á Íslandsmeistaramótum. A-dómarar skulu vera aðaldómarar á Íslandsmeistaramótum. Héraðsmót kallast mót þar sem keppendur koma úr fleiri en einu félagi.

*Samþykkt samhljóða.*

---

*Vísað í breytingu á 9. gr. reglna um Íslandsmeistaramót í KARATE og lagðar til eftirfarandi greinar um Bikarmeistaramót í KARATE*

## REGLUR UM BIKARMEISTARAMÓT Í KARATE.

### Almennar reglur.

1. gr. Árlega skal halda Bikarmót KAÍ í kumite og kata. Hvert bikartímabil nær frá 1. september til 31. maí næsta ár. Bikarmótinu skal skipta í tvo, þrjá eða fjóra hluta fyrirfram. Keppt skal í þremur flokkum í hverjum hluta mótsins í kumite, opnum flokki kvenna og og tveimur karlaflokkum eftir þyngd, -74 kg og +74 kg og tveimur flokkum í kata, flokki karla annars vegar og flokki kvenna hins vegar. Eftir hvern hluta skal gefa 10 stig fyrir fyrsta sæti, 6 stig fyrir annað sæti og 4 stig fyrir þriðja (fella út- fjórða sætið) sætið. Aðrir keppendur fái 1 stig fyrir þátttöku. Ef einungis einn keppandi mætir í tilteknum flokki skal hann fá 10 stig, enda hafi hann farið ósigrður frá móti. Hægt er að keppa bæði í Kata og Kumite og leggjast þá stigin úr greinunum tveim saman. Eftir að öllum Bikarmótum tímabilsins er lokið skulu stigahæsta konan og stigahæsti karlinn í samanlögðum greinum verða útnefnd Bikarmeistarar KAÍ. Þeim tveimur sem koma næst þeim að stigum í flokki karla og flokki kvenna skal veita önnur og þriðju verðlaun. Séu tveir einstaklingar jafnir að stigum í lok bikarkeppninnar vinnur sá er oftast var í fyrsta sæti. Sé enn jafnt vinnur sá er oftast hefur verið í öðru sæti og svo framvegis.
2. gr. Lágmarksaldur keppenda á bikarmótum skal vera 16 ár og skal miða við fæðingarár. Mótanefnd hefur heimild til að veita undanþágur frá aldursreglu.
3. gr. Að öðru leyti skal fylgja reglugerð um Íslandsmeistaramót í Karate.

*Samþykkt samhljóða.*

### Fjárhagsnefnd.

Indriði Jónsson, formaður fjárlaganefndar, lagði fram tillögu nefndarinnar að fjárhagsáætlun næsta starfsárs.

## Fjárhagsáætlun 2006

Tekjur	Starfsárið 2006	rauntölur 2005
Aðildarfélög	250.000	245.800
Lottóstyrkur	1.500.000	1.475.933
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	900.000	864.293
Rekstrarstyrkur ÍSÍ	1.000.000	
Mótahald	350.000	303.850
Aðrir styrkir		75.000
Annað	300.000	313.406
	<b>4.300.000</b>	<b>3.203.282</b>

**Gjöld**

Mótahald	500.000	541.229
Landslið		
- landsliðsþjálfari	350.000	441.376
- kumite	1.300.000	793.572
- kata	250.000	210.720
- landskeppni		642.570
- árgjöld	150.000	210.415
Kynningarmál	400.000	118.773
Unglingahvatning	200.000	
Námskeið	200.000	266.639
Dómaramál	300.000	
Starfsmaður	200.000	
Rekstur skrifstofu	200.000	195.313
Annað	100.000	115.540
	<b>4.150.000</b>	<b>3.536.147</b>
	150.000	-378.938

Meðlimagjald 200

Áætlunin var samþykkt samhljóða.

*Allsherjarnefnd.*

Engum málum hafði verið vísað til allsherjarnefndar.

*Kjörnefnd:*

Reinharð Reinharðsson, formaður nefndarinnar, lagði fram tillögu nefndarinnar að stjórn og varastjórn. Í stjórn verði:

Reinharð Reinharðsson, formaður  
Kristján Gaukur Kristjánsson  
Gunnlaugur Sigurðsson  
Halldór Svavarsson  
Atli Steinn Guðmundsson

Í varastjórn:

Arnar Hjartarson  
Eyþór Ragnarsson  
Willem Cornelius Verheul

Endurskoðendur:

Ásdís Elvarsdóttir  
Indriði Jónsson

Önnur mál.

Ólafur Helgi Hreinsson mælti fyrir því að Stjórn KAÍ stæði fyrir málþingi sem fyrst um stöðu karate á Íslandi, framtíð íþróttarinnar og áherslur í útbreiðslu hennar.

Kristján Gaukur Kristjánsson mælti fyrir því að fræðsla til hand þjálfurum yrði aukin, t.d. það sem snýr að keppni í kumite samkvæmt reglum WKF. Einnig mæltist hann til þess að í upphafi hvers keppnistímabils er dagsetningar fyrir mót lægju fyrir skráðu dómara sig á þau mót er þeir gætu dæmt á til að auðvelda allan undirbúning fyrir mótin.

Helgi Jóhannesson minnti enn á þingsályktunartillögu frá 2003 um að setja ætti saman og gefa út mótabók með upplýsingum um framkvæmd móta sem hægt væri að styðjast við í framtíðinni. Hann minnti einnig á að öll félög sem senda keppendur á mót á vegum KAÍ verði að þekkja skyldur sínar um að senda dómara og starfsmenn auk lisðstjóra. Hann mæltist einnig til þessa að mótanefndin legði fram mótaplan fyrir 2 ár í senn.

Arnar Hjartarson sagði frá því að Karatefélag Akraness hafði verið valið Fyrirmyndarfélag Akraness. Hefur það mikla þýðingu fyrir félagið og karateíþróttina þar sem þetta er viðurkenning fyrir það starfs sem fram fer innan íþróttarinnar á landinu.

Reinhard Reinhardsson sagði frá auknu samstarfi karatefélaga og –deilda í Reykjavík sem hófst með stofnun karatenefndar innan ÍBR og er nú búið að halda tvö Reykjavíkurmeistaramót sem hafa tekist vonum frammar. Hafa félögin ákveðið að hafa samráðsfundi nokkrum sinnum á ári. Einnig lagði hann til að Karatedagurinn yrði endurvakinn til að efla samvinnu og samstöðu milli karatefélaganna. Þá sagði hann frá því að Stjórn KAÍ og dómara nefndin stæðu fyrir Kata-dómaranámsskeiði með Steven Morris 23. mars næstkomandi.

#### Kosning stjórnar, varastjórnar og endurskoðenda.

Tillaga kjörnefndar var borin undir atkvæði. Stjórnin var kjörin einróma með lófataki. Í stjórn KAÍ eru því:

Reinhard Reinhardsson, formaður  
Kristján Gaukur Kristjánsson  
Gunnlaugur Sigurðsson  
Halldór Svavarsson  
Atli Steinn Guðmundsson

Tillaga kjörnefndar um varamenn í stjórn var samþykkt einróma með lófataki. Í varastjórn eru því:

Arnar Hjartarson  
Eyþór Ragnarsson  
Willem Cornelius Verheul

Tillag kjörnefndar um endurskoðendur var samþykkt einróma með lófataki. Endurskoðendur reikninga KAÍ eru því:

Ásdís Elvarsdóttir  
Indriði Jónsson

#### Kjör 5 manna í aganefnd og 3 til vara.

Tillaga kjörnefndar var að aganefnd yrði óbreytt en 3 varamenn yrðu valdir að auki. Aganefnd var kjörin einróma.

Í henni eru:

Ásmundur Ísak Jónsson  
Gretar Örn Halldórsson

Gunnlaugur Sigurðsson  
Magnús Kr. Eyjólfsson.  
Vincente Carrasco

Varamenn:  
Ólafur Helgi Hreinsson  
Helgi Jóhannesson  
Halldór Svavarsson

Val fulltrúa á Íþróttabing.

Ákvörðuninni var vísað til stjórnar.

Þingslit.

Að lokum þakkaði Ólafur Wallevik starfmönnum þingsins vel unnin störf og þakkaði öllum þingfulltrúum fyrir samstarfið á þinginu og óskaði þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Hann sleit því næst 19. karateþingi.

Þingritari,

Þinggerð samþykkt og undirrituð:

---

Reinharð Reinharðsson.

---

Arnar Hjartarson